

GJALDSKRÁ

vegna þjónustu Hagstofu Íslands.

1. gr.

Tímavinna.

Sérfræðingur pr. klst. kr. 9.500

2. gr.

Sérvinnsalur, stakar.

Fyrir útkeyrslu úr skráum skal greiða einingaverð fyrir hverja færslu, þó að lágmarki kr. 9.500. Ekki er greitt einingaverð fyrir fleiri en 50.000 færslur. Við viðameiri fyrirspurnir bætist tímavinna sérfræðings, sbr. 1. gr.

Lágmarksgjald fyrir útkeyrslu úr skráum	kr. 9.500
Útkeyrslur allt að 10.000 færslur, pr. færsla	kr. 7
Útkeyrslur 10.001 – 50.000 færslur, pr. færsla	kr. 3

3. gr.

Áskrift að einföldum úrkeyrslum úr skráum.

Hægt er að óska eftir áskrift að einföldum fyrirspurnum, ársfjórðungslega eða mánaðarlega. Það telst til einfaldrar fyrirspurnar ef upphafsvinna er undir 1 klst. og færslur undir 1.300.

Árgjald fyrir slíka þjónustu er: kr. 15.000

4. gr.

Sérvinnsalur, endurteknar.

Gera skal skriflegan samning um endurteknar sérvinnsalur aðrar en þær sem falla undir 3. gr., þar sem fjöldi afhendinga á 12 mánaða tímabili er ákveðinn. Greitt er fyrir hverja afhendingu en afsláttur er veittur eftir fjölda afhendinga á tímabilinu sem hér segir:

Ein afhending á ári	Fullt gjald skv. 2. gr.
Ársfjórðungslega (4 afhendingar á ári)	50% afsláttur
Mánaðarlega (12 afhendingar á ári)	60% afsláttur

5. gr.

Heimild til sammingsgerðar, undanþágur og afsláttur.

Hagstofu Íslands er heimilt að veita undanþágur og gera sérstaka samninga um upplýsingamiðlun, sem víkja frá gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjald fyrir afhendingu gagna.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við vísitölu neysluverðs í okóber 2009 og skulu breytast árlega til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu greidd áður en gögn eru afhent.

7. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 14. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og öðlast gildi 1. janúar 2011.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 14. desember 2010.

Árni Páll Arnason.

Helga Jónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2010